

374. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn á Microsoft Teams, föstudaginn 2. maí 2025 kl. 13:30.



Microsoft Teams: Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Hörður Þorsteinsson gjaldkeri, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

Mætt í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Laugardal: Hafsteinn Pálsson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs og Helga Þórðardóttir lögfræðingur ÍSÍ.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Elsa Nielsen, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Daníel Jakobsson og Garðar Svansson.

Dagskrá:

1. Skýrsla samskiptaráðgjafa

Tekin fyrir drög að yfirlýsingu framkvæmdastjórnar um stuðning og samstöðu með starfsfólki samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs. Ráðist hefur verið harkalega að starfsfólki embættisins og embættinu sjálfu í kjölfar álits samskiptaráðgjafa vegna kvartana um störf Brynjars Karls Sigurðssonar körfuknattleikspjálfa og frambjóðanda til forseta ÍSÍ.

Eftirfarandi yfirlýsing samþykkt:

Yfirlýsing frá framkvæmdastjórn ÍSÍ

Framkvæmdastjórn Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands lýsir yfir stuðningi og samstöðu með starfsfólki samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs.

Starf samskiptaráðgjafa var sett á laggirnar með lagasetningu eftir ákall um að einstaklingar innan íþrótta- og æskulýðsstarfs sem upplifa einelti, áreitni eða ofbeldi gætu fengið áheyrn, aðstoð og stuðning frá óháðum aðila og leitað réttar síns vegna atvika og misgerða án þess að þurfa að óttast afleiðingarnar.

Frá árinu 2020 hefur samskiptaráðgjafi fengið yfir 400 tilkynningar og tilheyrir meirihluti þeirra mála íþróttahreyfingunni. Hlutverk samskiptaráðgjafa er m.a. að stuðla að öryggi þeirra sem taka þátt í starfsemi íþróttafélaga og að leiðbeina þeim einstaklingum sem til hans leita og afla upplýsinga um mál þeirra. Einstaklingur sem sakaður er um áreitni eða ofbeldi fær þannig tækifæri til að koma sinni hlið málsins á framfæri. Sé viðkomandi ósáttur við vinnulag samskiptaráðgjafa er rétt að beina slíkum erindum til mennta- og barnamálaráðuneytisins sem starfið heyrir undir. Að ráðast opinberlega gegn starfsfólki embættisins er ekki rétta leiðin.

Frambjóðandi til forseta ÍSÍ, Brynjar Karl Sigurðsson, hefur stigið fram og lýst því yfir að samskiptaráðgjafi hafi rýnt í störf hans og skilað um þau skýrslu. Það var gert eftir að tugir

fyrirum iðkenda Brynjars Karls og foreldrar þeirra höfðu leitað til samskiptaráðgjafa vegna samskipta við hann.

Í fjölmiðlum hefur komið fram að Brynjar Karl er ósáttur við niðurstöðu skýrslunnar og hefur í stað þess að fara með málið í hefðbundinn farveg og beina athugasemdum sínum til mennta- og barnamálaráðuneytis, brugðist við með því að ráðast harkalega með uppnefnum og hótunum að fagmennsku, heiðri og mannorði einstaklings sem sinnir hlutverki samskiptaráðgjafa.

Brynjar Karl hefur einnig um langt skeið opinberlega nafngreint fólk sem ýmist starfar í íþróttahreyfingunni eða í samstarfi við hana, birt af þeim ljósmyndir og myndskleið, kallað þau illum nöfnum og vegið að heilindum þeirra og mannorði á sama tíma og hann sakar þau um að leggja sig í einelti. Þetta fólk á það flest sameiginlegt að hafa á einhverjum tímapunkti verið ósammála honum eða gagnrýnt aðferðir hans eða slæma framkomu á einhvern hátt. Framkvæmdastjórn ÍSí harmar að viðkomandi einstaklingar þurfi að sitja undir slíku áreiti.

Innan íþróttahreyfingarinnar er mikil áhersla lögð á háttvísi, heilindi og velferð iðkenda, starfsfólks og sjálfboðaliða. Framkoma sem þessi fer þvert gegn gildum íþróttahreyfingarinnar og á ekki heima innan hennar.

Yfirlýsingin verður birt á heimasíðu ÍSí og send til fjölmiðla og sambandsaðila.

2. Íþróttapíng ÍSí

Farið var yfir lokaútgáfu af tillögum framkvæmdastjórnar fyrir Íþróttapíngið og þær staðfestar. Alls verða 29 tillögur teknar til umfjöllunar á þinginu, 14 frá sambandsaðilum og 15 frá framkvæmdastjórn.

Síðara fundarboð til þingsins verður sent út síðdegis, ásamt dagskrá, fyrirkomulagi og tillögum. Gögnin verða einnig birt á upplýsingasíðu þingsins á heimasíðu ÍSí.

3. Næstu fundir.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 15. maí nk. kl. 16:00. Verður það síðasti fundur þessarar framkvæmdastjórnar.

4. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.
Andri Stefánsson, fundarritari.